

Nd

183. Breytingartillögur

við frv. til laga um ungmennafræðslu (þskj. 148).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Markmið ungmennafræðslunnar er að veita mönnum á aldrinum 16—20 ára, körlum og konum, hæfilega gagnfræðamentun, er veiti þeim rjett til þess að ganga próflaust inn í sjerfræðiskóla, svo sem stýrimanna-skóla, verslunarskóla, búnaðarskóla, kennaraskóla og aðra þessháttar skóla.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Ungmennafræðslan fer fram í hjeraðsskólum.

3. Við 3. gr. Greinin fellur niður.

4. Við 4. gr. Greinin fellur niður.
5. Við 5. gr. Greinin fellur niður.
6. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:
Tveggja ára ungmennaskóla skal setja á stofn í hjeruðum landsins. Þar sem vel hagar til, mega tvær sýslur eða þrjár þó vera í samlögum um einn skóla. Hver kaupstaður telst hjerað.
7. Við 7. gr. Greinina skal orða svo:
Hjerað hvert eða hjeráðasamlag greiðir þrjá fimtunga stofnkostnaðar, en rikissjóður tvo. Stjórnarráðið samþykkir skólastað og gerð hússins, svo og fyrirsögn um kenslu og aga í skólanum.
8. Við 8. gr. Greinina skal orða svo:
Hjeruðin reka skólana á sinn kostnað með þeirri hjálp, er þau fá af einstökum mönnum, gjöfum eða sjóðum. Hálfan rekstrarkostnað greiðir þó rikissjóður. Stjórnarráðið samþykkir reikninga skólans og skipar kennara eftir tillögum skólastjórnar.
Nú verða skólasjóðir svo óflugir, að þeir geta horið rekstur skóla, og fellur þá niður rikissjóðsstyrkurinn.
9. Við 9. gr. Greinina skal orða svo:
Skólana skal stofna í þeirri röð, er fjárframlög þau verða lögð fram, sem hjeruðin eiga að inna af hendi. Þó skulu þeir allir reistir á næsta áratug.
10. Bætast við tvær greinar:
 - a. Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, er sýslunefnd eða sýslunefndir kjósa.
 - b. Allir eru skyldir að sækja þessa skóla tvo vetur á aldrinum 16—20 ára.
Kensla er ókeypis.
11. Við 10. gr. Greinin fellur niður.
12. Við 11. gr. Greinina skal orða svo:
Í ungmennaskólum skal kenna íslenska tungu, einkum kenna mönnum að lesa fornbókmentir vorar í bundnu og lausu máli, þýsku og ensku, sögu Íslands og þjóðskipulag, ágríp af mannkynssögu, landafræði, einkum landafræði Íslands, náttúrufræði með sjerstöku tilliti til landsins sjálfs, stærðfræði ásamt bókhaldi, teiknun, handavinnu, söng, leikfimi og íþróttir, einkum sund, glimur, skautalist og skíða.
13. Við 12. gr. Greinin fellur niður.
14. Við 14. gr. Í stað orðanna »er um ræðir í 11.—13 gr.« kemur: er fyr getur.

15. Við 15. gr. Greinin fellur niður.
16. Við 18. gr. Orðin »er rikissjóður tekur þátt í að launa samkv. 7. gr.« falla niður.
17. Við 22. gr. Greinin fellur niður.
18. Við 23. gr. Greinin fellur niður.
19. Við 24. gr. Fella skal úr greininni orðin: »og námskeiði«.